

Sveitarfélagið Árborg

Ársreikningur 2016

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla bæjarstjórnar og framkvæmdastjóra	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3 - 4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6 - 7
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9 - 23
Óendurskoðað fylgiskjal:	
Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar	24

Sveitarfélagið Árborg
Kennitala 650598-2029
Austurvegi 2, 800 Selfoss

Skýrsla bæjarstjórnar og framkvæmdastjóra

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A hluta annarsvegar og B hluta hinsvegar. Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í B hluta eru fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem sjálfstæðar einingar.

Rekstur sveitarfélagsins var með svipuðu móti í ár og síðastliðið ár. Heildarvelta sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta 2016 nam 7.627 mkr. og er 301,1 mkr. yfir áætlun. Skatttekjur sveitarfélagsins námu 5.515,5 mkr. og voru 145,8 mkr. yfir áætlun. Samtals námu rekstrartekjur A hluta 6.632 mkr. en áætlun gerði ráð fyrir 6.286,7 mkr.

Það er álit bæjarstjórnar sveitarfélagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu þess í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum.

Rekstrarniðurstaða A hluta er neikvæð um 218,5 mkr. en áætlun gerði ráð fyrir halla upp á 95 mkr. Rekstrarniðurstaða samantekinna reikningsskila sveitarfélagsins er jákvæð um 107,8 mkr. og er afkoman 59,2 mkr. lakari en gert var ráð fyrir í áætlun.

Íbúafjöldi Sveitarfélagsins Árborgar 1. desember 2016 var 8.471 en var þann 1. desember 2015 8.201. Íbúum fjölgaði því um 270 eða 3,3%.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sveitarfélagsins og stofnana þess fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Selfossi, 15. maí 2017

Bæjarstjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar.

Áritun óháðs endurskoðanda

Rekstrarreikningur ársins 2016

	Skýr.	Bæjarsjóður A-hluti			Samantekin reikningsskil A og B hluti		
		2016	Fjárh.áætl.	2015	2016	Fjárh.áætl.	2015
Tekjur	2						
Skatttekjur		4.371.802	4.207.633	3.900.864	4.338.647	4.175.519	3.870.171
Framlög jöfnunarsjóðs		1.176.822	1.194.122	1.060.484	1.176.822	1.194.122	1.060.484
Aðrar tekjur		1.083.348	884.936	990.976	2.111.509	1.956.213	1.978.904
		<u>6.631.972</u>	<u>6.286.691</u>	<u>5.952.325</u>	<u>7.626.977</u>	<u>7.325.854</u>	<u>6.909.559</u>
Gjöld							
Laun og launatengd gjöld	3	3.938.628	3.762.387	3.640.176	4.097.549	3.916.336	3.771.751
Breyting lífeyrisskuldbindinga	3	144.181	36.958	23.227	151.768	44.458	25.302
Annar rekstrarkostnaður		2.114.336	1.971.978	1.986.432	2.369.660	2.317.435	2.177.432
		<u>6.197.145</u>	<u>5.771.323</u>	<u>5.649.835</u>	<u>6.618.977</u>	<u>6.278.229</u>	<u>5.974.484</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir		434.827	515.368	302.490	1.008.000	1.047.625	935.075
Afskriftir	6	(286.968)	(290.732)	(268.387)	(439.135)	(462.706)	(419.334)
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða		147.859	224.636	34.103	568.865	584.919	515.741
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	4	(366.292)	(319.593)	(391.095)	(445.286)	(403.480)	(515.618)
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta		(218.433)	(94.957)	(356.992)	123.578	181.439	123
Reiknaður tekjuskattur	12	(60)	0	(283)	(15.766)	(14.470)	(21.236)
Rekstrarniðurstaða ársins	5	<u>(218.493)</u>	<u>(94.957)</u>	<u>(357.275)</u>	<u>107.813</u>	<u>166.969</u>	<u>(21.113)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

Eignir	Skýr.	Bæjarsjóður A-hluti		Samantekin reikningskil A og B hluti	
		2016	2015	2016	2015
Fastafjármunir					
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6				
Fasteignir og lóðir		8.716.665	8.534.750	9.925.711	9.752.347
Veitukerfi og gatnakerfi		534.075	568.384	2.940.867	2.901.513
Bifreiðar, vélar, áhöld og tæki		148.196	133.672	166.690	152.454
		<u>9.398.936</u>	<u>9.236.806</u>	<u>13.033.268</u>	<u>12.806.314</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Eignarhlutir í félögum	7	325.506	325.734	325.043	325.271
Langtímakröfur	8	72.711	53.471	72.711	53.471
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki		179.602	175.914	0	0
		<u>577.819</u>	<u>555.120</u>	<u>397.754</u>	<u>378.742</u>
Fastafjármunir samtals		9.976.756	9.791.925	13.431.022	13.185.056
Veltufjármunir					
Vörubirgðir		0	0	19.811	17.310
Skammtímakröfur:					
Óinnheimtar tekjur	9	401.318	391.544	490.205	484.273
Næsta árs afb. langtímakrafna	8	8.988	14.114	8.988	14.114
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki		795.076	717.475	0	0
Aðrar skammtímakröfur	9	366.024	490.898	394.499	505.751
Handbært fé		77.126	18.482	93.695	85.211
Veltufjármunir samtals		1.648.533	1.632.513	1.007.198	1.106.659
Eignir samtals		<u>11.625.289</u>	<u>11.424.439</u>	<u>14.438.220</u>	<u>14.291.714</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

Eigið fé og skuldir	Skýr.	Bæjarsjóður A-hluti		Samantekin reikningskil A og B hluti	
		2016	2015	2016	2015
Eigið fé					
Eigið fé	10	1.456.598	1.455.727	3.575.615	3.413.722
Skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbindingar	11	1.823.741	1.602.280	1.936.519	1.707.110
Tekjuskattsskuldbinding	12	0	0	106.376	90.670
		<u>1.823.741</u>	<u>1.602.280</u>	<u>2.042.894</u>	<u>1.797.780</u>
Langtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir	13	5.958.323	6.022.786	7.160.499	7.308.019
Skammtímaskuldir					
Skammtímalán		0	106.763	0	106.763
Viðskiptaskuldir		192.493	187.298	245.960	213.052
Næsta árs afb. langtímaskulda	13	631.760	651.895	737.137	777.249
Skuldir við eigin fyrirtæki		1.082.604	928.576	0	0
Aðrar skammtímaskuldir		479.769	469.114	676.115	675.129
		<u>2.386.626</u>	<u>2.343.647</u>	<u>1.659.212</u>	<u>1.772.193</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		10.168.690	9.968.712	10.862.606	10.877.992
Eigið fé og skuldir samtals		<u>11.625.289</u>	<u>11.424.439</u>	<u>14.438.220</u>	<u>14.291.714</u>
Aðrar upplýsingar	14-15				

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2016

	Bæjarsjóður A-hluti			Samantekin reikningsskil A og B hluti		
	2016	Fjárh.áætl.	2015	2016	Fjárh.áætl.	2015
Rekstrarhreyfingar						
Hreint veltufé frá rekstri:						
Rekstrarniðurstaða ársins	(218.493)	(94.957)	(357.275)	107.813	166.969	(21.113)
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Söluhagnaður eigna	(219)	(10.000)	(7.227)	(721)	(10.000)	(8.529)
Afskriftir	286.968	290.732	268.387	439.135	462.706	419.334
Verðbætur og gengismunur	133.884	216.112	110.442	163.190	267.329	143.761
Niðurfærsla eignarhluta	0	0	4.469	0	0	4.469
Breyting tekjuskattskuldbindingar	0	0	0	15.706	0	20.953
Breyting lífeyrisskuldbindinga	305.653	0	197.994	322.906	0	211.129
	<u>507.793</u>	<u>401.887</u>	<u>216.791</u>	<u>1.048.029</u>	<u>887.004</u>	<u>770.004</u>
Breytingar rekstrartengdra eigna- og skuldaliða:						
Vörubirgðir	0	0	0	(2.501)	0	954
Óinnheimtar tekjur	(9.774)	0	(6.792)	(9.774)	0	(6.792)
Aðrar skammtímakröfur	124.874	0	(239.729)	115.094	0	(250.178)
Skammtímaskuldir	15.850	0	107.625	33.894	0	89.219
	<u>130.950</u>	<u>0</u>	<u>(138.897)</u>	<u>136.713</u>	<u>0</u>	<u>(166.797)</u>
Handbært fé frá rekstri	638.743	401.887	77.894	1.184.741	887.004	603.207
Fjárfestingahreyfingar						
Fjárfesting í rekstrarfjárunum	(229.865)	(171.460)	(680.934)	(447.160)	(404.160)	(839.213)
Söluverð rekstrarfjármuna	350	20.000	11.000	1.156	20.000	49.000
Eignarhluti í félögum, breyting	228	0	0	228	0	0
Langtímakröfur, breyting	(14.115)	4.591	(21.928)	(14.115)	4.591	(21.928)
	<u>(243.402)</u>	<u>(146.869)</u>	<u>(691.862)</u>	<u>(459.890)</u>	<u>(379.569)</u>	<u>(812.141)</u>
Fjármögnunarhreyfingar						
Framlög frá eigin stofnunum	0	0	0	(165.285)	(147.577)	(147.577)
Skammtímalán	(106.763)	0	64.977	(106.763)	0	64.977
Tekin ný langtímalán	450.000	450.000	1.175.000	450.000	535.000	1.175.000
Afborganir langtímalána	(672.168)	(690.784)	(643.630)	(796.247)	(820.448)	(799.580)
Afborganir lífeyrisskuldbindinga	(84.192)	(19.000)	(53.949)	(93.497)	(19.000)	(60.939)
Eignarhluti íbúa, breyting	0	0	0	(4.575)	0	(4.611)
Eigin fyrirtæki, breyting	76.426	121.473	80.409	0	0	0
	<u>(336.697)</u>	<u>(138.311)</u>	<u>622.807</u>	<u>(716.367)</u>	<u>(452.025)</u>	<u>227.270</u>
Hækkun á handbæru fé	58.644	116.707	8.839	8.484	55.410	18.335
Handbært fé í ársbyrjun	18.482	15.565	9.643	85.211	67.563	66.876
Handbært fé í árslok	77.126	132.272	18.482	93.695	122.973	85.211

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar innanríkisráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Til bæjarsjóðs (A hluta), telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Er þar um að ræða aðalsjóð, eignasjóð, þjónustumiðstöð, Fasteignafélag Árborgar slf og ehf og Verktækni ehf. Til B hluta teljast stofnanir og fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu Sveitarfélagsins Árborgar, en rekstur þessara fyrirtækja og stofnana er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B hluta eru Byggingasjóður aldraðra, Leigubústaðir Árborgar ses, fráveita, vatnsveita, Selfossveitur bs. og Sandvíkursetur ehf.

Við gerð reikningsskilanna samkvæmt settum reikningsskilareglum þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynt önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

1.2 Samantekinn ársreikningur

Ársreikningur bæjarsjóðs (A hluta) og samstæðu (A og B hluta) er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningum einstakra fyrirtækja og stofnana en öllum innbyrðis viðskiptum, inneignum og skuldum er eytt.

1.3 Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð breyting á niðurfærslu vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna telst útsvar, fasteignaskattur, lóðarleiga og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Sala vöru og þjónustu er færð til tekna í rekstrarreikningi að frádregnum afslætti og virðisaukaskatti. Tekjufærslan er miðuð við afhendingartíma.

1.4 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á skuldir í árslok.

Skýringar

1.5 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði. Afskriftatími eignaflokka er eftirfarandi:

Fasteignir	40 ár
Veitukerfi	10 - 40 ár
Gatnakerfi	25 ár
Bifreiðar, vélar, áhöld og tæki	5-15 ár

Afskriftir eru reiknaðar hlutfallslega innan ársins.

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Hagnaður eða tap af sölu eigna er mismunur á söliverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarniðurstöðu. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna varanlega rekstrarfjármuni eru eignfærð á þeim tíma sem það tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Lóðir og lendum eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Á hverjum reikningsskiladegi er yfirfarið hvort gangvirði þessara eigna hafi vikið verulega frá bókfærðu verði þeirra. Sé um verulegt frávik að ræða eru þær endurmetnar. Í þessu samhengi er frávik talið verulegt ef það nemur 5% eða meira frá bókfærðu verði. Verðmatsbreytingar vegna þessa endurmats eru færðar á eiginfjárreikning.

1.6 Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði eða dagverði sé það lægra.

1.7 Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði.

1.8 Óinnheimtar tekjur

Óinnheimtar tekjur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum sveitarfélagsins.

1.9 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnistæðum.

1.10 Eignir utan efnahagsreiknings

Fjárfesting í lausafjármunum og gatnagerðarframkvæmdum sem áður hefur verið gjaldfærð er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

Skýringar

1.11 Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð til skuldar í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar í árslok 2016. Breyting á skuldbindingunni er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu nr. 11.

1.12 Tekjuskattsskuldbinding

Mismunur reiknaðs tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattskyldum hagnaði ársins og fellur til greiðslu á næsta reikningsári, færist til skuldar í efnahagsreikningi sem tekjuskattsskuldbinding. Mismunur þessi stafar af því að skattskyldur hagnaður samkvæmt skattframtali miðast við aðrar forsendur heldur en hagnaður fyrir skatta samkvæmt rekstrarreikningi, og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna innlausnar tekna og gjalda.

Tekjuskattsskuldbindingin svarar að jafnaði til þess tekjuskatts, sem eftir gildandi skattalögum kæmi til greiðslu, ef eignir félagsins væru seldar eða innleystar á bókfærðu verði.

1.13 Verðtryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2017. Áfallnar verðbætur á höfuðstóligna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

1.14 Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun með viðaukum fyrir árið 2016 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, yfirliti um sjóðstreymi og skýringum.

1.15 Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

2. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	Bæjarsjóður		Samantekin reikningskil	
	2016	Áætlun	2016	Áætlun
Skatttekjur:				
Útsvar	3.747.374	3.570.126	3.747.374	3.570.126
Fasteignaskattar	511.085	520.626	477.930	488.512
Lóðarleiga	113.343	116.881	113.343	116.881
	<u>4.371.802</u>	<u>4.207.633</u>	<u>4.338.647</u>	<u>4.175.519</u>
Jöfnunarsjóður:				
Tekjujöfnunarframlag	470.823	353.238	470.823	353.238
Rekstrarframlag grunnskóla	338.228	307.334	338.228	307.334
Framlag vegna fasteignaskattstekna	123.303	123.559	123.303	123.559
Framlag vegna nýbúa	7.150	6.890	7.150	6.890
Framlag vegna fatlaðra	237.319	403.101	237.319	403.101
	<u>1.176.822</u>	<u>1.194.122</u>	<u>1.176.822</u>	<u>1.194.122</u>
Skatttekjur samtals	5.548.624	5.401.755	5.515.469	5.369.641
Aðrar tekjur	1.083.348	884.936	2.111.509	1.956.213
Rekstrartekjur samtals	<u>6.631.972</u>	<u>6.286.691</u>	<u>7.626.977</u>	<u>7.325.854</u>
Íbúafjöldi	<u>8.471</u>	<u>8.379</u>	<u>8.471</u>	<u>8.379</u>
Skatttekjur á íbúa	655	645	651	641

3. Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	Bæjarsjóður		Samantekin reikningskil	
	2016	Áætlun	2016	Áætlun
Laun	3.186.217	3.045.625	3.317.476	3.172.332
Launatengd gjöld	752.411	716.762	780.072	744.004
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	144.181	36.958	151.768	44.458
	<u>4.082.809</u>	<u>3.799.345</u>	<u>4.249.317</u>	<u>3.960.794</u>

Laun og launatengd gjöld bæjarstjórnar, bæjarráðs og framkvæmdastjóra námu 54,2 mkr. á árinu 2016.

Skýringar

4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	Bæjarsjóður		Samantekin reikningskil	
	2016	Áætlun	2016	Áætlun
Vaxtatekjur	65.123	116.545	23.690	23.957
Tekjur af eignarhlutum í félögum	17.846	0	17.846	0
Framlag eigin stofnana	165.285	147.577	165.285	147.577
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur	(614.546)	(583.715)	(652.107)	(575.014)
	<u>(366.292)</u>	<u>(319.593)</u>	<u>(445.286)</u>	<u>(403.480)</u>

5. Heildaryfirlit um rekstur

	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Áætlun
Aðalsjóður:				
Skatttekjur	0	5.681.016	5.681.016	5.517.929
Félagspjónusta	1.155.304	384.652	(770.652)	(917.511)
Fræðslu- og uppeldismál	3.785.256	372.194	(3.413.062)	(3.220.298)
Meningarmál	171.466	5.427	(166.039)	(170.251)
Æskulýðs- og íþróttamál	1.154.503	555.248	(599.254)	(589.454)
Brunamál og almannavarnir	97.520	0	(97.520)	(95.902)
Hreinlætismál	164.338	154.125	(10.212)	(17.218)
Skipulags- og byggingarmál	204.457	42.327	(162.129)	(183.057)
Umferðar- og samgöngumál	272.244	3.788	(268.455)	(243.197)
Umhverfismál	113.655	197	(113.458)	(148.072)
Atvinnumál	41.201	2.430	(38.771)	(40.242)
Sameiginlegur kostnaður	406.194	176.801	(229.392)	(216.642)
Breyting lífeyrisskuldbindinga	144.181	0	(144.181)	(37.308)
Fjármagnsliðir	375.283	605.918	230.635	245.416
Millivelta	(674.005)	(674.005)	0	0
Aðalsjóður samtals	<u>7.411.594</u>	<u>7.310.119</u>	<u>(101.476)</u>	<u>(115.807)</u>
Eignasjóður				
Eignasjóður	654.581	780.284	125.704	242.280
Þjónustumiðstöð	163.221	114.987	(48.234)	(45.398)
Fasteignafélag Árborgar	435.917	240.781	(195.137)	(187.814)
Verktækni ehf	11.360	12.009	649	11.782
Millivelta	(1.220.291)	(1.220.291)	0	0
Bæjarsjóður samtals	<u>7.456.383</u>	<u>7.237.890</u>	<u>(218.493)</u>	<u>(94.957)</u>
Byggingasjóður aldraðra				
Byggingasjóður aldraðra	45.300	28.542	(16.758)	(18.339)
Leigubústaðir Árborgar ses	86.171	73.543	(12.628)	(22.353)
Fráveita	65.458	280.969	215.511	198.436
Vatnsveita	77.296	220.482	143.186	111.183
Selfossveitur	566.008	593.912	27.905	17.880
Sandvíkursetur ehf	47.985	17.076	(30.909)	(24.881)
Millivelta	(219.518)	(219.518)	0	0
Sjóðir í B-hluta samtals	<u>668.700</u>	<u>995.006</u>	<u>326.306</u>	<u>261.926</u>
Samantekið samtals	<u><u>8.125.083</u></u>	<u><u>8.232.895</u></u>	<u><u>107.813</u></u>	<u><u>166.969</u></u>

Skýringar

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra sem reiknaðar eru sem fastur hundraðshluti, greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Gatnakerfi	Bifreiðar, vélar, áhöld og tæki	Samtals
Bæjarsjóður:				
Bókfært verð 1/1	8.534.750	568.384	133.672	9.236.806
Viðbót á árinu	189.408	(4.260)	44.717	229.865
Endurmat leigulóða	219.365			219.365
Selt á árinu			(131)	(131)
Afskrifað á árinu	(226.857)	(30.049)	(30.062)	(286.968)
Bókfært verð 31/12	8.716.665	534.075	148.196	9.398.936

	Fasteignir og lóðir	Veitu- og gatnakerfi	Bifreiðar, vélar, áhöld og tæki	Samtals
Samantekið:				
Bókfært verð 1/1	9.752.347	2.901.513	152.454	12.806.314
Viðbót á árinu	218.849	177.870	50.441	447.160
Endurmat leigulóða	219.365			219.365
Selt á árinu			(435)	(435)
Afskrifað á árinu	(264.849)	(138.516)	(35.770)	(439.135)
Bókfært verð 31/12	9.925.711	2.940.867	166.690	13.033.268

Vátryggingarverðmæti, fasteignamat og bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna sveitarsjóðs og B hluta stofnana, greinist þannig í árslok:

	Vátryggingar- verðmæti	Fasteigna- mat	Bókfært verð
Bæjarsjóður:			
Skólahúsnæði	5.544.620	2.873.390	2.589.660
Leikskólar	1.371.554	680.243	694.399
Íþróttahús og sundlaugar	1.329.080	606.306	1.295.957
Þjónustuhúsnæði	2.872.260	1.024.089	1.686.137
Gatnakerfi			534.075
Vélar og áhöld			148.196
Leigulóðir			2.450.512
Samtals bæjarsjóður	11.117.514	5.184.028	9.398.936

Skýringar

	Vátryggingar- verðmæti	Fasteigna- mat	Bókfært verð
B-hluta stofnanir:			
Íbúðarhúsnæði	2.398.360	1.561.430	789.534
Veitukerfi			2.406.792
Aðrar fasteignir	1.053.100	499.970	419.512
Aðrir rekstrarfjármunir			18.494
Samtals B-hluta stofnanir	<u>3.451.460</u>	<u>2.061.400</u>	<u>3.634.332</u>
Samantekið samtals	<u>14.568.974</u>	<u>7.245.428</u>	<u>13.033.268</u>

Samkvæmt reikningsskilaaðferð sveitarfélaga hafa tiltekna eignir sveitarfélagsins verið gjaldfærðar og því ekki færðar í efnahagsreikning.

Viðlagatrygging

Samkvæmt ákvæðum laga og reglugerðar um viðlagatryggingu eru veitumannvirki tryggð vegna náttúruhamfara. Tryggingaverðmæti fráveitu nemur 4.322 mkr., vatnsveitu 4.146 mkr. og hitaveitu 5.035 mkr.

Lausafjármunir

Tryggingarverð lausafjármuna greinist þannig:

Ráðhús og bókasafn	389.008
Íþróttamannvirki	49.299
Skólahúsnæði	307.721
Áhaldahús	37.607
Leikskólar og gæsluvellir	123.590
Félagsmiðstöð/ungmennahús	23.712
Sandvíkursetur	64.251
Íbúðir aldraðra	18.691
	<u>1.013.879</u>

Skýringar

7. Eignarhlutir í félögum

Bókfært verð eignarhluta í öðrum félögum greinist þannig:

	Bæjarsjóður	Samantekið
Íslenska vindorkufélagið ehf	193	193
Lánasjóður sveitarfélaga ohf	270.102	270.102
Landskerfi bókasafna hf.	1.554	1.554
Sandvíkursetur ehf	500	0
Borgarþróun ehf	16.048	16.048
Netorka hf	0	36
Norðurvegur ehf	600	600
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf.	36.510	36.510
	<u>325.506</u>	<u>325.043</u>

Sveitarfélagið Árborg á 90% eignarhlut í Borgarþróun ehf. Eigið fé félagsins var í árslok 2015, 25,4 mkr. Ársreikningur Borgarþróunar ehf vegna ársins 2016 lá ekki fyrir við lok reikningsskila Sveitarfélagsins Árborgar. Félagið hefur ekki verið tekið inn í samstæðureikningsskil sveitarfélagsins.

8. Langtímakröfur

	Bæjarsjóður	Samantekið
Verðtryggðar kröfur, vextir 2,4-5%	51.647	51.647
Óverðtryggðar kröfur, meðalvextir 5,75%	85.574	85.574
Niðurfært	(55.522)	(55.522)
Verðbréfaeign samtals að meðtöldum næsta árs afborgunum	81.700	81.700
Næsta árs afborganir	(8.988)	(8.988)
	<u>72.711</u>	<u>72.711</u>

Afborganir af verðbréfaeign greinast þannig á næstu ár:

Árið 2017	8.988	8.988
Árið 2018	20.152	20.152
Árið 2019	10.533	10.533
Árið 2020	10.603	10.603
Árið 2021	4.935	4.935
Síðar	26.487	26.487
	<u>81.700</u>	<u>81.700</u>

Skýringar

9. Skammtímakröfur

Niðurfærsla óinnheimtra tekna, skammtímakrafna og verðbréfaeignar greinist þannig:

	Bæjarsjóður	Samantekið
Afskriftareikningur í ársbyrjun	314.458	380.610
Breytingar afskriftaframlags á árinu	(9.938)	(8.180)
Afskriftareikningur í árslok	304.520	372.430

10. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

	Bæjarsjóður	Samantekið
Yfirfært frá fyrra ári	1.455.727	3.413.722
Endurmat lóða og lendna	219.365	219.365
Framlag veitna	0	(165.285)
Rekstrarniðurstaða ársins	(218.493)	107.813
Eigið fé 31/12	1.456.598	3.575.615

11. Lífeyrisskuldbinding

Áfallin lífeyrisskuldbinding er færð í ársreikninginn. Um er að ræða áætlaðan hluta launagreiðanda í áfallinni lífeyrisskuldbindingu vegna starfsmanna sveitarfélagsins í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Útreikningurinn, sem miðast við árslok 2016, er gerður af tryggingastærðfræðingi eftir sömu forsendum og notaðar eru við úttekt á B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Hlutur launagreiðanda er áætlaður 52% í bæjarsjóði og 67% í Selfossveitum.

Breyting lífeyrisskuldbindingar greinist þannig:

	Bæjarsjóður	Samantekið
Lífeyrisskuldbinding 1/1	1.602.280	1.707.110
Greiddur lífeyrir	(84.192)	(93.497)
Breyting á árinu	305.653	322.906
	1.823.741	1.936.519

Núvirði áætlaðra greiðslna vegna lífeyrisskuldbindingar greinist þannig á næstu ár:

	Bæjarsjóður	Samantekið
Árin 2017-2021	389.676	431.727
Árin 2022-2026	413.910	446.372
Árin 2027-2031	375.206	394.005
Síðar	644.949	664.415
	1.823.741	1.936.519

Skýringar

12. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding 1.1.	(90.670)
Reiknaður tekjuskattur af rekstrarniðurstöðu ársins	(15.766)
Tekjuskattur til greiðslu 2017 vegna ársins 2016	60
	<u>(106.376)</u>

Tekjuskattsinneign (-skuldbinding) greinist þannig á eftirfarandi liði:

Varanlegir rekstrarfjármunir	(143.255)
Eignarhlutir í félögum	13
Viðskiptakröfur	14.485
Vörubirgðir	(357)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	22.739
	<u>(106.376)</u>

13. Langtímaskuldir

Bæjarsjóður:

	Staða 1.1.2016	Ný lán	Afborganir	Verðbætur, gengismunur	Eftirstöðvar 31.12.2016
Verðtryggð lán	6.611.993	450.000	(612.774)	140.864	6.590.083
Gengistryggð lán	62.687		(59.394)	(3.293)	(0)
Langtímaskuldir samt.	<u>6.674.681</u>	<u>450.000</u>	<u>(672.168)</u>	<u>137.571</u>	<u>6.590.083</u>

Samantekið:

	Staða 1.1.2016	Ný lán	Afborganir	Verðbætur, gengismunur	Eftirstöðvar 31.12.2016
Verðtryggð lán	7.999.199	450.000	(719.935)	168.373	7.897.636
Gengistryggð lán	86.069		(80.887)	(5.182)	(0)
Langtímaskuldir samt.	<u>8.085.268</u>	<u>450.000</u>	<u>(800.822)</u>	<u>163.190</u>	<u>7.897.636</u>

Yfirlit um langtímaskuldir:

	Bæjarsjóður	Samantekið
Innlend verðtryggð lán, meðalvextir 4,21%	6.590.083	7.897.636
Næsta árs afborganir	(631.760)	(737.137)
	<u>5.958.323</u>	<u>7.160.499</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

Árið 2017	631.760	737.137
Árið 2018	579.738	686.241
Árið 2019	567.862	664.137
Árið 2020	553.560	629.465
Árið 2021	545.774	622.587
Síðar	3.711.388	4.558.070
Langtímaskuldir samtals, þar með taldar næsta árs afborganir	<u>6.590.083</u>	<u>7.897.636</u>

Skýringar

14. Aðrar upplýsingar

Ábyrgðarskuldbinding

Bæjarsjóður ber ábyrgð á lánum sem Samband sunnlenskra sveitarfélaga tók vegna húsnæðiskaupa. Eftirstöðvar lánsins í árslok 2016 voru 0,2 mkr. Lánið er á nafni SASS og greiða aðildarsveitarfélög það niður með framlögum til samtakanna.

Bæjarsjóður ber ábyrgð á láni sem Brunavarnir Árnessýslu tók vegna kaupa á bifreið til slökkvistarfa. Eftirstöðvar lánsins í árslok 2016 voru 34,8 mkr. Lánið er á nafni Brunavarna Árnessýslu og greiða aðildarsveitarfélög það niður með framlögum.

Fasteignafélag Árborgar slf hefur keypt ábyrgð vegna endurgreiðslu á innskatti af byggingarkostnaði Fasteignafélagsins Árborgar slf að fjárhæð 57 mkr.

Bæjarsjóður ber ábyrgð á lánum sem Leigubústaðir Árborgar ses. yfirtóku við kaup félagsins á öllum eignum Leigubústaða Árborgar ehf. Eftirstöðvar lánanna í árslok 2016 voru 596,3 mkr.

Bæjarsjóður ber ábyrgð á láni sem Héraðsnefnd Árnesinga bs. tók til að fjármagna viðbyggingu við Fjölbrautaskóla Suðurlands. Eftirstöðvar lánsins í árslok 2016 voru um 300 mkr. Lánið er á nafni Hérðasnefndar og greiða aðildarsveitarfélög það niður með framlögum til nefndarinnar.

Önnur atriði

Bæjarfélagið er eignaraðili að Brunavörnum Árnessýslu og Sorpstöð Suðurlands bs. ásamt öðrum sveitarfélögum, en félag þessi eru rekin sem sjálfstæð fyrirtæki þessara sveitarfélaga. Gerð eru sérstök reikningsskil fyrir fyrirtækin.

Í kjölfar samnings milli Flóahrepps og Sveitarfélagsins Árborgar, um öflun og sölu vatns til Flóahrepps var farið út í ýmsar framkvæmdir við að leggja nýja stofna og styrkja dreifikerfi Vatnsveitu Flóahrepps og Vatnsveitu Árborgar að sveitarfélagamörkum Árborgar og Flóahrepps. Landsvirkjun sá um framkvæmdirnar. Í samningnum um öflun og sölu vatns, sem gerður var milli Flóahrepps og Sveitarfélagsins Árborgar dags. 26. apríl 2010, kemur fram að Flóahreppur eignist inneign sem svarar til kostnaðar Landsvirkjunar við framkvæmdir innan Árborgar og að inneignin skuli koma til greiðslu vatnsgjalds fyrir mælda vatnsnotkun.

Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í bæjarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Sveitarfélagið hefur átt viðskipti við tengda aðila á árinu. Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

Skýringar

15. Lykiltölur

Lykiltölur fyrir A-hluta - 5 ára yfirlit:	Áætlun með viðaukum 2016	Ársreikningar				
		2016	2015	2014	2013	2012
Ýmsar lykiltölur						
Í hlutfalli við rekstrartekjur (%)						
Framlegð (EBITDA).....	8,2%	6,6%	5,1%	5,0%	9,6%	11,9%
Rekstrarniðurstaða.....	-1,5%	-3,3%	-6,0%	-3,6%	-0,7%	-2,1%
Veltufé frá rekstri.....	6,4%	7,7%	3,6%	4,8%	8,8%	9,5%
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum.....	2,3%	3,7%	11,6%	18,5%	6,6%	2,4%
Heildarskuldir og skuldb. - skuldahlutfall.....	157,2%	153,3%	167,5%	166,1%	156,9%	173,0%
Önnur hlutföll						
Langt.sk. og skuldb. / veltufé frá rekstri (ár).....	15,0	15,3	35,2	26,7	13,7	13,7
Veltufé frá rekstri / afb. skulda og skuldb.....	-0,6	0,7	0,3	0,4	0,7	0,6
Veltufjárhlutfall.....	0,6	0,7	0,7	0,7	0,8	0,7
Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga						
Jafnvægisregla.....	-1,5%	-3,3%	-6,0%	-3,6%	-0,7%	-2,1%
Skuldaviðmið.....	146,9%	143,6%	157,3%	157,7%	148,3%	163,2%
Í hlutfalli við rekstrartekjur (%)						
Útsvar	56,8%	56,5%	55,7%	56,1%	54,7%	55,2%
Fasteignaskattur	8,3%	7,7%	8,1%	8,4%	8,9%	9,6%
Framlög Jöfnunarsjóðs	19,0%	17,7%	17,8%	18,3%	20,4%	19,3%
Lóðarleiga	1,9%	1,7%	1,8%	2,0%	2,0%	2,0%
Skatttekjur samtals	85,9%	83,7%	83,4%	84,8%	86,0%	86,1%
Aðrar tekjur	14,1%	16,3%	16,6%	15,2%	14,0%	13,9%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Laun og launatengd gjöld	59,8%	59,4%	61,2%	58,3%	55,1%	54,8%
Lífeyrisskuldbinding, breyting	0,6%	2,2%	0,4%	1,1%	0,4%	0,7%
Annar rekstrarkostnaður	31,4%	31,9%	33,4%	35,7%	34,9%	32,6%
Framlegð (EBITDA).....	8,2%	6,6%	5,1%	5,0%	9,6%	11,9%
Afskriftir	4,6%	4,3%	4,5%	4,3%	4,7%	5,0%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	5,1%	5,5%	6,6%	4,3%	5,6%	9,0%
Rekstrarniðurstaða	-1,5%	-3,3%	-6,0%	-3,6%	-0,7%	-2,1%
Í þúsundum króna á íbúa:						
Rekstur						
Skatttekjur	645	655	605	566	551	519
Aðrar tekjur	106	128	121	102	89	84
Laun og launatengd gjöld	(453)	(482)	(447)	(396)	(356)	(334)
Annar rekstrarkostnaður	(235)	(250)	(242)	(238)	(223)	(197)
Afskriftir	(35)	(34)	(33)	(29)	(30)	(30)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(38)	(43)	(48)	(29)	(36)	(54)
Rekstrarniðurstaða	(11)	(26)	(44)	(24)	(5)	(12)
Efnahagur:						
Eignir	1.400	1.372	1.393	1.344	1.247	1.291
Eigið fé	220	172	178	234	242	249
Skuldir og skuldbindingar	1.179	1.200	1.216	1.109	1.005	1.042
Sjóðstreymi						
Veltufé frá rekstri	48	60	26	32	56	57
Handbært fé frá rekstri	48	75	9	39	61	63
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	18	27	82	138	42	14
Íbúafjöldi	8.379	8.471	8.201	8.035	7.898	7.827
Breyting frá fyrra ári%		3,3%	2,1%	1,7%	0,9%	0,5%

Skýringar

15. Lykiltölur, framhald

Lykiltölur fyrir A og B hluta - 5 ára yfirlit:	Áætlun með viðaukum 2016	Ársreikningar				
		2016	2015	2014	2013	2012
Ýmsar lykiltölur						
Í hlutfalli við rekstrartekjur (%)						
Framlegð (EBITDA).....	14,3%	13,2%	13,5%	13,2%	18,5%	21,1%
Rekstrarniðurstaða.....	2,3%	1,4%	-0,3%	1,6%	4,9%	3,2%
Veltufé frá rekstri.....	12,1%	13,7%	11,1%	11,9%	16,4%	17,4%
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum.....	5,2%	6,0%	11,8%	24,0%	5,6%	11,0%
Heildarskuldir og skuldb. - skuldahlutfall.....	143,7%	142,4%	157,4%	160,4%	151,9%	168,9%
Önnur hlutföll						
Langt.sk. og skuldb. / veltufé frá rekstri (ár).....	10,0	8,8	11,8	11,4	7,8	8,2
Veltufé frá rekstri / afb. skulda og skuldb.....	1,1	1,2	0,9	1,0	1,0	1,2
Veltufjárhlutfall.....	0,5	0,6	0,6	0,5	0,7	0,7
Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga						
Jafnvægisregla.....	2,3%	1,4%	-0,3%	1,6%	4,9%	3,2%
Skuldaviðmið.....	134,7%	133,7%	148,4%	153,0%	144,4%	160,4%
Í hlutfalli við rekstrartekjur (%)						
Útsvar	48,7%	49,1%	47,9%	48,1%	46,1%	46,6%
Fasteignaskattur	6,7%	6,3%	6,6%	6,7%	7,0%	7,6%
Framlög Jöfnunarsjóðs	16,3%	15,4%	15,3%	15,7%	17,2%	16,3%
Lóðarleiga	1,6%	1,5%	1,6%	1,7%	1,8%	1,8%
Skatttekjur samtals	73,3%	72,3%	71,4%	72,2%	72,0%	72,3%
Aðrar tekjur	26,7%	27,7%	28,6%	27,8%	28,0%	27,7%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Laun og launatengd gjöld	53,5%	53,7%	54,6%	52,1%	48,2%	48,0%
Lífeyrisskuldbinding, breyting	0,6%	2,0%	0,4%	1,0%	0,4%	0,5%
Annar rekstrarkostnaður	31,6%	31,1%	31,5%	33,7%	32,9%	30,4%
Framlegð (EBITDA).....	14,3%	13,2%	13,5%	13,2%	18,5%	21,1%
Afskriftir	6,3%	5,8%	6,1%	5,9%	6,0%	6,5%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	5,7%	6,0%	7,8%	5,7%	7,6%	11,5%
Rekstrarniðurstaða	2,3%	1,4%	-0,4%	1,6%	4,9%	3,2%
Í þúsundum króna á íbúa:						
Rekstur						
Skatttekjur	641	651	601	562	547	515
Aðrar tekjur	233	249	241	216	212	198
Laun og launatengd gjöld	(473)	(502)	(463)	(413)	(369)	(346)
Annar rekstrarkostnaður	(277)	(280)	(266)	(263)	(250)	(217)
Afskriftir	(55)	(52)	(51)	(46)	(46)	(47)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(50)	(54)	(65)	(44)	(58)	(82)
Rekstrarniðurstaða	20	13	(3)	13	37	22
Efnahagur:						
Eignir	1.725	1.704	1.743	1.704	1.598	1.616
Eigið fé	468	422	416	455	445	411
Skuldir og skuldbindingar	1.257	1.282	1.326	1.249	1.153	1.205
Sjóðstreymi						
Veltufé frá rekstri	106	124	94	93	124	124
Handbært fé frá rekstri	106	140	74	113	121	134
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	46	53	96	187	42	78
Íbúafjöldi	8.379	8.471	8.201	8.035	7.898	7.827
Breyting frá fyrra ári%		3,3%	2,1%	1,7%	0,9%	0,5%

Skýringar

Samanburður rekstraráætlana

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir rekstraráætlun fyrir árið 2016 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	Bæjarsjóður A hluti			Samantekin reikningsskil A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags- áætlun	Viðaukar við fjárhags- áætlun	Fjárhags- áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags- áætlun	Viðaukar	
					við fjárhags- áætlun	Fjárhags- áætlun með viðaukum
Tekjur						
Skatttekjur	4.127.633	80.000	4.207.633	4.095.519	80.000	4.175.519
Framlög jöfnunarsjóðs	1.194.122	0	1.194.122	1.194.122	0	1.194.122
Aðrar tekjur	876.586	8.350	884.936	1.947.863	8.350	1.956.213
	<u>6.198.341</u>	<u>88.350</u>	<u>6.286.691</u>	<u>7.237.504</u>	<u>88.350</u>	<u>7.325.854</u>
Gjöld						
Laun og launatengd gjöld	3.756.387	6.000	3.762.387	3.910.336	6.000	3.916.336
Breyting lífeyrisskuldbindingar	36.958	0	36.958	44.458	0	44.458
Annar rekstrarkostnaður	1.955.028	16.950	1.971.978	2.260.485	56.950	2.317.435
	<u>5.748.373</u>	<u>22.950</u>	<u>5.771.323</u>	<u>6.215.279</u>	<u>62.950</u>	<u>6.278.229</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	449.968	65.400	515.368	1.022.225	25.400	1.047.625
Afskriftir	(290.732)	0	(290.732)	(462.706)	0	(462.706)
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða	159.236	65.400	224.636	559.519	25.400	584.919
Fjármagnsliðir	(319.595)	2	(319.593)	(403.482)	2	(403.480)
Reiknaður tekjuskattur	0	0	0	(14.470)	0	(14.470)
Rekstrarniðurstaða	<u>(160.359)</u>	<u>65.402</u>	<u>(94.957)</u>	<u>141.567</u>	<u>25.402</u>	<u>166.969</u>

Skýringar

Samanburður sjóðstreymisáætlana

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir sjóðstreymisáætlun fyrir árið 2016 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í sjóðstreymisyfirliti og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	Bæjarsjóður A hluti			Samantekin reikningsskil A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags- áætlun	Viðaukar við fjárhags- áætlun	Fjárhags- áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags- áætlun	Viðaukar	
					fjárhags- áætlun	Fjárhags- áætlun með viðaukum
Rekstrarhreyfingar						
Rekstrarniðurstaða ársins	(160.359)	65.402	(94.957)	141.567	25.402	166.969
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Söluhagnaður	(10.000)	0	(10.000)	(10.000)	0	(10.000)
Afskriftir	290.732	0	290.732	462.706	0	462.706
Verðbætur	216.112	0	216.112	267.329	0	267.329
Veltufé frá rekstri	336.485	65.402	401.887	861.602	25.402	887.004
Handbært fé frá rekstri	336.485	65.402	401.887	861.602	25.402	887.004
Fjárfestingahreyfingar						
Varanlegir rekstrarfjármunir	(127.760)	(43.700)	(171.460)	(294.460)	(109.700)	(404.160)
Söluverð rekstrarfjármuna	20.000	0	20.000	20.000	0	20.000
Langtímakröfur, breyting	4.591	0	4.591	4.591	0	4.591
	(103.169)	(43.700)	(146.869)	(269.869)	(109.700)	(379.569)
Fjármögnunarhreyfingar						
Framlag frá eigin fyrirtækjum	0	0	0	(147.577)	0	(147.577)
Tekin ný langtímalán	450.000	0	450.000	450.000	85.000	535.000
Afborganir langtímalána	(690.784)	0	(690.784)	(820.448)	0	(820.448)
Afborganir lífeyrisskuldbindinga	(19.000)	0	(19.000)	(19.000)	0	(19.000)
Eigin fyrirtæki, breyting	121.473	0	121.473	0	0	0
	(138.311)	0	(138.311)	(537.025)	85.000	(452.025)
Breyting á handbæru fé	95.005	21.702	116.707	54.708	702	55.410
Handbært fé í ársbyrjun	15.565	0	15.565	67.563	0	67.563
Handbært fé í árslok	110.570	21.702	132.272	122.271	702	122.973

Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar, óendurskoðað

Yfirlýsing um stjórnarhætti

Um stjórnarhætti sveitarfélagsins gilda sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, með síðari breytingum og samþykkt um stjórn sveitarfélagsins nr. 679/2013. Bæjarstjórn er kjörin í almennum kosningum af íbúum sveitarfélagsins á fjögurra ára fresti.

Bæjarstjórn ber ábyrgð á því að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits og það sé formlegt, skjalfest og sannreynt reglulega. Innra eftirlitið á að vera til þess fallið að veita vissu um að sveitarfélagið nái árangri og skilvirkni í starfsemi í samræmi við markmið sveitarfélagsins, að það veiti áreiðanlegar og réttmætar fjárhagsupplýsingar til ytri aðila og að það hlíti lögum og reglum sem gilda um starfsemina.

Um áhættustýringu er vísað til ákvæða í VII kafla sveitarstjórnarlaga, s.s. um fjárstjórnarvald, bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins, ábyrga meðferð fjármuna, miklar fjárfestingar og skuldbindingar og takmarkanir er varða veðsetningar og ábyrgðaveitingar. Sveitarfélagið fer að ávæðum sveitarstjórnarlaga hvað þetta varðar.

Fjöldi fulltrúa í bæjarstjórn og nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins er tilgreindur í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins sem aðgengileg er á heimasíðu þess. Á heimsíðunni má einnig sjá hverjir sitja í einstaka nefndum, ráðum og stjórnnum.

Í 2. tölul. 44. gr. sveitarstjórnarlaga kemur fram regla um kynjahlutföll í nefndum sem valdar eru af bæjarstjórn. Sveitarfélagið gætir að þessum reglum við skipan í nefndir. Að því er bæjarstjórnina varðar ræðst samsetningin af röðun á framboðslista og niðurstöðum kosninga til sveitarstjórnar. Í bæjarstjórn eru 9 fulltrúar, 5 karlar og 4 konur. Þar sitja nú fulltrúar með ólíkan bakgrunn og menntun.

Um siðareglur og góða starfshætti er fjallað í 29. gr. sveitarstjórnarlaga. Sveitarfélagið hefur sett sér siðareglur, dags. 12. janúar 2011, sem aðgengilegar eru á heimasíðu sveitarfélagsins.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 er sveitarfélag sjálfstætt stjórnvald sem er stjórnað af lýðræðislega kjörnum sveitarstjórnnum í umboði íbúa sveitarfélagsins. Sveitarfélagið sinnir þeim verkefnum sem því er fallið lögum samkvæmt, m.a. varðandi fræðslu- og uppeldismál, félagsþjónustu, æskulýðs- og íþróttamál, menningarmál, hreinlætismál og umhverfismál. Jafnframt fylgir það kröfum sem gilda um starfsemi þess í öðrum lögum, s.s. stjórnsýslulögum, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum um opinber innkaup. Einnig eru í gildi siðareglur, dags. 12. janúar 2011, sem settar hafa verið á grundvelli 29. gr. sveitarstjórnarlaga og aðgengilegar eru á heimasíðu sveitarfélagsins.

Engin veruleg frávik hafa verið greind af hálfu opinberra eftirlitsaðila eða endurskoðenda hvað varðar starfsemi sveitarfélagsins sem tengist umhverfi, félags- og starfsmannamálum, mannréttindum eða spillingar- og mútumálum.